

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1909.

Konungsbrjef um setning alþingis, undirskrifað af konungi 12. janúar 1909 (A nr. 1, bls. 2—3).

Auglýsing um staðfesting á breyting á reglugjöf Islandsbanka frá 25. nóvbr. 1903, undirskrifuð af ráðherra Íslands 30. janúar 1909 (A nr. 2, bls. 4—5).

Lög um bráðabirgðarhækkun á aðflutningsgjaldi, undirskrifuð af konungi 31. mars 1909 (A nr. 3, bls. 6—9).

Konungsbrjef um lenging alþingistímans og um þingsuppsögn, undirskrifað af konungi 1. apríl 1909 (A nr. 4, bls. 10—11).

Brjef stjórnarráðsins til sýslumanna um innheimtu á eftirgjöldum eftir kirkjujarðir. 43

20. febr.

Í 8. gr. laga nr. 46, 16. nóvbr. 1907, um laun sóknarpresta, er svo mælt fyrir, að hreppstjórar skuli innheimta eftirgjald kirkjujarða, sem tilheyra prestaköllum, er komin eru undir hin nýju prestlaunalög, að undanskildum prestssetrum, lóðargjöldum á prestssetrum sem og itökum þeim, er prestur notar sjálfur, og skila síðan sýslumanni þeim innan 3ja mánaða frá gjalddaga, en sýslumaður greiðir þau eftir ráðstöfun stjórnarráðsins.

Útaf þessu er hjermeð lagt fyrir yður, herra sýslumaður, að ganga eftir greiðslu þessara eftirgjalda hjá hreppstjórum í sýslu yðar, þeim er umsjón kunna að hafa samkvæmt áðurgreindum lögum yfir kirkjueignum, ef þeir greiða þau eigi til yðar innan hins lögskipaða tíma, og senda síðan peningana gjaldkera landssjóðs áleiðis í Prestlaunasjóð og stjórnarráðinu jafnframt tilkynningu um greiðsluna. Ennfremur ber yður að útvega hjá hreppstjórunum greinilega skýrslu um eftirgjald kirkjujarða í hreppi hverjum, gæta þess að þær sjeu rjettar, og senda þær síðan hingað ásamt samandreginni skýrslu yðar yfir eftirgjald kirkjujarða í sýslunni sem og ásamt þeim athugasemdum, sem yður kynni að þykja ástæða til að gera.

Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Húnavatnssýslu um flutning þingstaðar. 44

9. mars

Samkvæmt tillögum yðar, herra sýslumaður, í brjefi, dagsettu 20. f. m., og beiðni hreppsnefndarinnar í Ytri-Torfustadahreppi, veitir stjórnarráðið hjermeð samþykki sitt til þess að þingstaður umgetins hrepps sje fluttur frá Svarðbæli að svokölluðu Hofi í landi Melstaðar, með því skilyrði, að hreppsnefndin annist um að til verði hæfilegt hús til þinghalda á hinum nýja þingstað.

Þetta er yður hjermeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og frekari birtingar.